

Proskamat 12 mánaða

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
<i>Gróf-hreyfingar</i>	Gengur með stuðningi	Athugað er hvort barnið geti gengið nokkur skref með stuðningi upp við borð, með því að halda sér í rimla rúms eða þegar foreldrar leiða það.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (18 mán).
<i>Fín-hreyfingar</i>	Tangargrip	Barnið situr í fangi foreldris. Smáhlutur t.d. lítill pappírshnoðri er lagður á borð fyrir framan það og athugað hvort barnið geti tekið hlutinn upp með vísifingri á móti þumli. Prófa þarf báðar hendur.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (18 mán).*
	Flettir harðspjaldabók	Fylgst er með því hvort barnið reyni að fletta harðspjaldabók.	Ráðleggingar til foreldra.
<i>Samskipti og leikur</i>	Leikur sér með bolta	Rúllið bolta til barnsins og fylgist með því hvort barnið reyni að taka þátt í einföldum boltaleik.	Ráðleggingar til foreldra.
	Veitir mynd í bók athygli	Barninu er sýnd einföld harðspjaldabók (lítill bók með einni mynd á blaðsíðu). Fylgst er með því hvort barnið stoppi við mynd í bók í augnablik og veiti henni athygli.	Ráðleggingar til foreldra.
<i>Vitsmuna- og málproski</i>	Bregst við eigin nafni	Athugandi segir nafn barnsins þegar það er upptekið af öðru og utan augnsambands. Prófið 2-3 í athuguninni. Ef barnið lítur ekki upp, spyrjið foreldrana nánar um hvernig þetta er heima.	Er grunur um heyrnarskerðingu, seinkaðan almennan þroska eða hugsanlega fyrstu einkenni einhverfu? Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (18 mán).*
	Notar 1-3 orð	Fylgst er með því hvort barnið noti 1-3 orð í sérstakri merkingu t.d. mamma, pabbi, datt, dudda. Athugið hvort barnið virðist vera að segja eitthvað sem líkist orðum eða hermi eftir hljóðum.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (18 mán).*
	Tjáir eigin langanir	Fylgst er með því hvort barnið gefi til kynna vilja sinn eða langanir með bendingum, hljóðum eða látbragði.	Merkja við rautt flagg vegna einhverfurófs. Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (18 mán).*

* Ef barn getur ekki aðra þætti í 12 mánaða skoðun og fleiri áhyggjuefni, þá aukaskoðun við 15 mánaða aldur.